

# Niðurstöður aðalfundar 2025

Aðalfundur Eikar fasteignafélags hf. var haldinn fimmtudaginn 10. apríl 2025 kl. 14:00. Fundurinn fór fram rafrænt og að Sjálandi, Ránargrund 4, 210 Garðabæ.

Tillögur stjórnar, sem lágu fyrir á fundinum, er að finna á heimasíðu félagsins undir slóðinni [www.eik.is/hluthafar](http://www.eik.is/hluthafar).

## 1. Ársreikningur

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins vegna ársins 2024.

## 2. Ráðstöfun hagnaðar félagsins á rekstrarárinu 2024

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um að félagið greiði hluthöfum arð að heildarfjárhæð 3.393,4 m.kr. fyrir árið 2024. Eigin hlutir félagsins skulu ekki njóta arðsréttar.

Arðgreiðslunni verður skipt í tvo hluta. Fyrri greiðslan, að fjárhæð u.þ.b. 1.696,7 m.kr., sem nemur 0,5000 kr. á hlut, með arðleysisdegi 11. apríl 2025. Síðari greiðslan, að fjárhæð u.þ.b. 1.696,7 m.kr., sem nemur nú að óbreyttu 0,5000 kr. á hlut, með arðleysisdegi 26. september 2025. Arðleysisdagur verður í hvoru tilviki um sig sá dagur sem viðskipti hefjast með hlutabréf án réttar til arðs vegna viðkomandi hluta.

Viðmiðunardagur vegna fyrri greiðslunnar verður 14. apríl 2025 og vegna seinni greiðslunnar 29. september 2025. Skráðir hluthafar félagsins í lok viðmiðunardags eiga rétt til arðs.

Greitt verður í íslenskum krónum. Útborgunardagur vegna fyrri greiðslunnar verður 23. apríl 2025 og 8. október 2025 vegna seinni greiðslunnar.

## 3. Þóknun fyrir stjórnarstörf

Aðalfundur samþykkti að stjórnar- og nefndarlaun verði eftirfarandi:

- 3.1. Laun hvers stjórnarmanns verði 421.500 kr. á mánuði en laun stjórnarformanns verði tvöföld þóknun stjórnarmanns.
- 3.2. Laun stjórnarmanna sem sitja í starfskjaranefnd verði 48.000 kr. á mánuði. Laun formanns starfskjaranefndar verði 83.000 kr. á mánuði.
- 3.3. Laun stjórnarmanna sem sitja í endurskoðunarnefnd verði 96.000 kr. á mánuði. Laun formanns endurskoðunarnefndar verði 165.500 kr. á mánuði.
- 3.4. Laun nefndarmanna í tilnefningarnefnd verði 70.000 kr. á mánuði en laun formanns tilnefningarnefndar verði 120.000 kr. á mánuði.

## 4. Starfskjarastefna félagsins

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar að breytingu á starfskjarastefnu félagsins um hækkun heimildar til árangurstengingar launa starfsfólks í grein 4.3. úr ígildi allt að tvennra mánaðarlauna í allt að þrennra mánaðarlauna á ársgrundvelli.

## 5. Kosning félagsstjórnar

Eftirtalin voru kosin í stjórn félagsins:

- Bjarni Kristján Þorvarðarson
- Eyjólfur Árni Rafnsson
- Guðrún Bergsteinsdóttir
- Gunnar Þór Gíslason
- Ragnheiður Harðar Harðardóttir

## 6. Kosning fulltrúa í tilnefningarnefnd

Eftirtalin voru kosin í tilnefningarnefnd félagsins:

- Anton Reynir Hafðísarson
- Íris Björk Hreinsdóttir

## 7. Breytingar á samþykktum félagsins

Aðalfundur samþykkti breytingar á samþykktum félagsins. Skráðum tilgangi félagsins var breytt þannig að nú sé ótvírætt að hann taki til þess þegar félagið stendur sjálft í uppbyggingu fasteigna, bæði atvinnu- og íbúðarhúsnæðis. Þá voru gerðar breytingar á reglum um skipan nefndarmanna í tilnefningarnefnd á þá leið að allir fulltrúar í tilnefningarnefnd skuli kosnir á aðalfundi hverju sinni. Auk þess var regluverk félagsins er varðar tilnefningarnefnd einfaldað með þeim hætti að helstu reglur er um nefndina gilda eru nú í starfsreglum tilnefningarnefndar.

## 8. Breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar

Aðalfundur samþykkti nýjar starfsreglur tilnefningarnefndar. Helsta efnislega breytingin er sú að allir fulltrúar tilnefningarnefndar skuli kosnir á aðalfundi hverju sinni og að stjórn leggi til fulltrúa í nefndina við aðalfund, en hluthafar hafi jafnframt tillögurétt. Þá fela nýjar starfsreglur tilnefningarnefndar einkum í sér einföldun á regluverki félagsins er varðar tilnefningarnefnd með því að sameina helstu reglur er um nefndina gilda í starfsreglum tilnefningarnefndar.

## 9. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags

Aðalfundur samþykkti að Deloitte ehf. yrði kjörið endurskoðunarfélag félagsins.

## 10. Heimild til kaupa á eigin hlutum

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum sem nemur allt að 10% af heildarhlutafé félagsins, í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga, í þeim tilgangi að (1) koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu, (2) gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum, og/eða (3) setja upp formlega endurkaupaáætlun.



## 11. Lækkun hlutafjár

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um lækka hlutafé félagsins úr kr. 3.423.863.435 að nafnverði í 3.402.200.000 kr. að nafnverði, eða sem nemur 21.663.435 hlutum. Lækkunin tekur eingöngu til eigin hluta félagsins sem það eignaðist á árinu 2024 með kaupum samkvæmt endurkaupaáætlun á grundvelli heimildar aðalfundar sem var samþykkt á aðalfundi 11. apríl 2024. Lækkunin verður framkvæmd þegar lögmælt skilyrði eru uppfyllt.

Með samþykkt tillögunnar breytist 4. gr. samþykhta félagsins svo:

„Hlutafé félagsins er kr. 3.402.200.000,- (krónur þrír milljarðar fjögur hundruð og tvær milljónir og tvö hundruð þúsund).

Hver hlutur er að fjárhæð kr. 1- (króna ein) að nafnverði.“

## 12. Önnur mál sem löglega eru fram borin

Engin önnur mál voru tekin til afgreiðslu á fundinum og var honum slitið kl. 15:35.